

2331. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn mánudaginn 19. maí 2025 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli og á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Ingi Sigurðsson varaformaður
Börkur Edvardsson
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir
Ólafur Hrafn Ólafsson
Pálmi Haraldsson

Á Teams:

Tinna Hrund Hlynisdóttir
Þorkell Máni Pétursson

Forföll:

Heimir Fannar Gunnlaugsson
Sveinn Gíslason

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri
Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri
Ómar Smáráson samskiptastjóri sem ritaði fundargerð

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.
 - a. Lögð fram fundargerð síðasta stjórnarfundar (fundur nr. 2330). Fundargerðin hefur þegar verið undirrituð rafrænt.
2. Fjármál - 3 mánaða uppgjör.
 - a. Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri KSÍ fór yfir 3 mánaða uppgjör sambandsins. Reksturinn er á ætlun. Stjórnarmenn ræddu nokkra liði í ársáætlun sérstaklega, þ.á.m. kostnað við að halda mót/riðla yngri landsliða og kostnað við úrslitakeppni EM A landsliða kvenna.
3. Fundargerðir nefnda lagðar fram og fréttir af vettvangi ÍTF.
 - a. Lögð fram fundargerð fræðslunefndar frá 13. maí þar sem m.a. var fjallað um nýjungar í þjálfarasáttmála UEFA og breytingar á reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara, fundargerð fjárhags- og endurskoðunarnefndar frá 16. maí þar sem farið var yfir 3 mánaða uppgjör sambandsins, fundargerð markaðsnefndar frá 24. mars þar sem fjallað var um ýmis markaðsmál tengd starfsemi KSÍ, og loks tvær fundargerðir mótanefndar - frá 17. og 30. apríl (fjallað er um mótamál hér neðar).
 - b. Ólafur Hrafn Ólafsson flutti fréttir af vettvangi ÍTF.
 - i. Nýverið var tekið það skref að streyma leikjum Lengjudeilda í gegnum Livey. Einhverjir hnökrar hafa verið í byrjun sem unnið er að því að lagfæra.
 - ii. Fulltrúar ÍTF ætla á næstunni að fara um landið og heimsækja félögin í Lengjudeildum og Bestu deildum til að ræða ýmis hagsmunamál.
 - iii. Genius sport samningurinn rennur út eftir 18 mánuði og huga þarf að endurskoðun/endurnýjun.
 - iv. Málþing um veðmál fór nýlega fram í höfuðstöðvum KSÍ þar sem m.a. ÍTF flutti erindi.

- v. Nokkuð er um það að sögn Ólafs Hrafns að erlend veðmálafyrirtæki séu að hafa samband við félög með það fyrir augum að fá þau til samstarfs.

Nokkrir stjórnarmenn tóku til máls og ræddu ýmislegt sem snýr að málefnum efstu tveggja deilda karla og kvenna, m.a. umgjörð leikja og aðsókn, upptökur af helstu atvikum leikja og birtingu þeirra á samfélagsmiðlum og fleira. Ýmsar hugmyndir voru viðraðar um hvernig mætti bæta umgjörð og auka aðsókn. *Ákveðið var að fela framkvæmdastjóra KSÍ að skipa sameiginlegan starfshóp KSÍ og ÍTF til að rýna umgjörð og aðsókn leikja í Bestu deildum og Lengjudeildum.*

4. Upplýsingagjöf milli funda frá framkvæmdastjóra / skrifstofu.

- a. Eysteinn Pétur framkvæmdastjóri fór yfir ýmis verkefni og viðburði sem hafa verið í deigluinni síðustu vikur – m.a. glæsilegan viðburð í höfuðstöðvum Landsbankans þar sem EM-lagið var frumflutt og ný EM-treyja A landsliðs kvenna afhjúpuð, fjármála- og mannauðsráðstefnu UEFA í Róm, vel sótt málþing um veðmál sem haldið var í höfuðstöðvum KSÍ, Norrænu knattspyrnuráðstefnuna sem haldin er í HR og höfuðstöðvum KSÍ þar sem Andriy Shevchenko er sérstakur gestur, og ekki síst afar vel heppnað Ungmennafélag KSÍ þar sem voru ríflega 70 þátttakendur frá félögum víðs vegar um landið.

5. Lög og reglugerðir

- a. Eysteinn fór yfir helstu breytingar á reglugerð um menntun KSÍ um knattspyrnuþjálfara. *Stjórn KSÍ samþykkti breytingarnar.*
- b. Þá fór Eysteinn stuttlega yfir greinargerð starfshóps um endurskoðun staðalsamninga. Stjórnarmenn munu rýna greinargerðina og gögnin og fjallað verður nánar um málið á næsta stjórnarfund. Nokkrir stjórnarmenn tóku til máls, m.a. um tryggingamál leikmanna.

6. Móta- og dómaramál.

- a. Helga Helgadóttir formaður mótanefndar fór yfir ýmis mótamál.
- i. KH hætti þátttöku í 2. deild kvenna. Af þeim sökum þurfti að gera breytingar á fyrirkomulagi mótsins og voru þær gerðar í samráði við félögin í deildinni.
 - ii. Mótanefnd hefur fjallað nokkuð um vallarmál og veitt undanþágur í samræmi við reglugerðir KSÍ um knattspyrnumót.
 - iii. Óvenju mikið hefur verið um úrslit í leikjum yngri flokka þar sem leikir vinnast/tapast með miklum mun, og þar sem eitt af markmiðum með niðurröðun yngri flokka er að búa til sem flesta jafningjaleiki, þá var farið í það að endurraða nokkrum mótum.
 - iv. Fjöldi liða í mótum meistara flokka kvenna, fyrirkomulag þeirra móta og fjöldi leikja er nokkuð sem hefur verið rætt ítarlega í mótanefnd og nefndin hefur lagt til að málið verði tekið upp á vettvangi stjórnar KSÍ. Helga lagði til að stjórn KSÍ vísi því til mótanefndar að stofna starfshóp til að rýna og meta mótin og keppnisfyrirkomulagið. *Var það samþykkt af stjórn.* Að sama skapi lagði Helga til að stjórnin hugi að því að rýna hvernig til hefur tekist með fyrirkomulag Bestu deildar karla. *Stjórn KSÍ samþykkti að fela framkvæmdastjóra að skipa starfshóp til að rýna og meta hvernig til hefur tekist með breytingar síðustu ára á mótafyrirkomulagi.*
- b. Halldór Breiðfjörð dómara nefndarmaður fór stuttlega yfir ýmislegt tengt dómaramálum. Dómara nefnd KSÍ hefur lagt til að endurskoðað verði hversu margir leikmenn mega hita

upp í einu á leikjum í Bestu deildum kvenna og karla og í aðalkeppni Mjólkurbikars kvenna og karla - þannig að það verði samræmt við t.d. leiki í mótum á vegum UEFA þar sem hámark fimm leikmenn (ásamt þrekþjálfara) mega hita upp í einu. *Samþykkt að fela dómaranefnd að gera tillögu að útfærslu.* Rætt um stöðu á VAR og mögulegri innleiðingu á Íslandi. Enn er að mörgu að hyggja og algjört lykilatriði er fjármögnun á verkefninu til langs tíma í samstarfi allra hagaðila.

7. Mannvirkja- og vallarmál.

- a. Eysteinn Pétur kynnti minnisblað um stöðuna í vallarmálum félaga í Bestu deildum og Lengjudeildum. Nokkrar umræður urðu um stöðu vallarmála og aðstöðumál almennt og margir stjórnarmenn tóku til máls. Ingi Sigurðsson fór sérstaklega yfir þá stöðu sem kemur upp þegar aðalvæðing félaga eru ekki tilbúnir við upphaf tímabils (eða vegna framkvæmda) og leika þarf í knatt höllum eða á (öðrum) varavöllum. Fram kom í máli stjórnarmanna að mikilvægt sé að samstaða ríki milli hagaðila (KSÍ, ÍTF og félaganna) um þá leið sem er farin varðandi varavelli við upphaf hvers tímabils.
- b. Þá greindi Eysteinn frá því að UEFA hefði samþykkt umsókn KSÍ fyrir hönd Knattspyrnudeildar Grindavíkur í hamfarasjóð UEFA, og fór jafnframt yfir tillögu mannvirkjanefndar að vallarleyfi fyrir Stakkavíkurvöll í Grindavík, sem stjórn hafði þegar samþykkt rafrænt.

8. Landsliðsmál - Næstu verkefni

- a. Þorvaldur Örlygsson formaður fór stuttlega yfir landsliðsmál. Landsliðshópar A kvenna og karla fyrir næstu verkefni voru kynntir í liðinni viku. Einnig eru verkefni framundan hjá U19 karla, U21 karla og U23 kvenna. Fyrir heimaleik A landsliðs kvenna við Frakka 3. júní næstkomandi verða þær sem léku fyrsta leik A landsliðs kvenna, við Skota árið 1981, heiðraðar sérstaklega.

9. Laugardalsvöllur - Staða mála

- a. Þorvaldur fór yfir stöðu mála í framkvæmdum við leikflötinn á Laugardalsvelli. Framkvæmdir ganga vel og eru á áætlun. Verkefnastjórinn Hannes Frimann Sigurðsson hefur unnið virkilega gott starf. Hans reynsla og þekking hefur nýst gríðarlega vel í þessu stóra og flókna verkefni og formaður KSÍ lýsti yfir mikilli ánægju með hans störf. Þá hefur þekking Bjarna Hannessonar grasvallatæknifræðings reynst ómetanleg við uppbyggingu á leikfletinum og nánasta umhverfi hans.

10. Önnur mál.

- a. Farið var yfir ýmislegt frá þátttöku KSÍ á nýlegu þingi ÍSÍ þar sem m.a. var kosinn nýr forseti ÍSÍ. Fulltrúar KSÍ á þinginu voru stjórnarmennirnir Ingi Sigurðsson, Þorkell Máni Pétursson, Pálmi Haraldsson, Hildur Jóna Þorsteinsdóttir og Sveinn Gíslason, og Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri. *Stjórn KSÍ óskar Willum Þór Þórssyni nýjum forseta ÍSÍ og öðrum sem hlutu kosningu til framkvæmdastjórnar ÍSÍ til hamingju með kjörið og vonast eftir góðu samstarfi. Þá þakkar stjórnin einnig Lárusi Blöndal fráfarandi forseta fyrir hans störf.*
- b. Þorvaldur greindi frá þátttöku fulltrúa KSÍ á þingi FIFA, sem fram fór fyrir í mánuðinum í Asuncion í Paraguay, og fór yfir helstu mál frá þinginu. Fulltrúar KSÍ voru þau Þorvaldur Örlygsson formaður, Helga Helgadóttir varaformaður og Eysteinn Pétur Lárússon framkvæmdastjóri.

Fundi slitið kl. 18:25.

Fundarritari: Ómar Smáráson

Næstu fundir boðaðir 19. júní, 14. ágúst, 18. september, 16. október, 20. nóvember, 18. desember.

Undirritunarsíða

Þorvaldur Örlygsson

Ingi Sigurðsson

Helga Helgadóttir

Pálmi Haraldsson

Tinna Hrund Hlynsdóttir Hafberg

Þorkell Máni Pétursson

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Eysteinn Pétur Lárusson

Edvard Börkur Edvardsson

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir

Ólafur Hrafn Ólafsson